

Föstudaginn 13. október 1989.

Nr. 220/1989. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Jóni Þór Einarssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 2. maí 1989 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákærvalds refsingu til þyngingar.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Jón Þór Einarsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 20.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmar Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 17. apríl 1989.

Ár 1989, mánudaginn 17. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúni 7 af Péttri Guðgeirssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 199/1989: Ákærvaldið gegn Jóni Þór Einarssyni, sem dómtekið var sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 30. september 1989, á hendur ákærða, Jóni Þór Einarssyni, Austurbergi 12 í Reykjavík, fæddum 25. ágúst 1965, „fyrir að aka laugardaginn 10. desember 1988, sviptur ökuréttindum ævilangt, bifreiðinni R 72887 úr Breiðholti í Reykjavík um götur í borginni, þar til lögregla stöðvaði akstur hans í Ártúnsbrekku.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr., umferðarlaga, nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa ekið bifreiðinni R 72887 frá Æsufelli í Breiðholtshverfi um götur borgarinnar, þar til lögregla stöðvaði akstur hans í Ártúnsbrekku. Ákærði var sviptur ökuréttindum ævilangt, þegar þetta varð. Hefur hann með akstri sínum orðið sekur um brot gegn 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

Viðurlög og sakarkostnaður:

Sakaferill ákærða er þessi samkvæmt sakavottorði hans:

- 1983 8/3 Sátt: 2.500,00 kr. sekt f. brot g. 25. gr. umfl. Sviptur ökul. 3 mán. frá 11.1. '83.
- 1984 14/11 Dómur: 15.000,00 kr. sekt f. brot g. 3. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr. umfl. og 1. mgr. 155. gr. hgl. Sviptur ökul. 4 mán. frá 14.11. '84. Hegningarauki.
- 1985 1/2 Dómur: Fangelsi 30 daga, skb. 2 ár, 15.000,00 kr. sekt f. brot g. 248. gr. hgl. og 25. gr. umfl. Sviptur ökul. 12 mán. frá 1.3. '85.
- 1985 21/9 Sátt: 6.000,00 kr. sekt f. brot g. 1. nr. 65/1974 um áv. og fíkn. og rg. nr. 390/1974.
- 1985 16/10 Sátt: 2.000,00 kr. sekt f. brot g. 21. gr. áfl.
- 1986 21/1 Dómur: 30.000,00 kr. sekt f. brot g. 25. og 27. gr. umfl. Sviptur ökul. ævilangt frá 21.1. '86.
- 1988 15/1 Sátt: 30.000,00 kr. sekt f. brot g. 27. gr. umfl.

Þykir refsing hans vera hæfilega ákveðin 30 daga varðhald.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað.

Sakargögn í máli þessu bárust frá ákæruvaldinu aðeins í einu eintaki. Er það aðfinnsluvert.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jón Þór Einarsson, sæti varðhaldi 30 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.